

Titill: LÓA – Learning Objective Assessment

Flytjandi: **Tómas Philip Rúnarsson**

Hér kynnum við LÓA – Learning Objective Assessment, lausn sem svarar vaxandi kröfu faggildingar og gæðakerfa um að sýna skýrt hvernig einstök námskeið styðja hæfniviðmið námsleiða og hvernig þessi tengsl eru metin og bætt yfir tíma. Slík vinna krefst skipulegrar framsetningar í hrísltöflu þar sem námskeið, viðmið og námsmat tengjast á gagnsæjan hátt. Í dag er þetta verk oftast unnið í töflureiknum eins og Excel og með dreifðum gögnum sem gerir það tímafrekt að búa til og enn tímafrekara að halda við þegar lýsingar og viðmið breytast. Leiðbeiningar frá háskólum undirstrika að upphafsvinnan er þung og viðhald krefst reglulegrar samhæfingar. Faggildingaraðilar (eins og ABET) gera auk þess kröfur um ítarlegar sjálfsmatsskýrslur sem sýna fram á kerfisbundna tengingu og sönnun á árangri, það sama á við um gæðakerfi háskóla. Nýleg rannsókn sýnir að stór mál-líkön (LLM) geta gefið áreiðanlegar niðurstöður við hrísltöflugerð sem nýtast beint í gæðastarf.

LÓA sjálfvirknivæðir gerð hrísltaflna: kerfið les námslýsingar og heildarnámsmarkmið, brýtur þau í undirviðmið og metur samræmi á skala 1–4 fyrir hvert námskeið og hæfniviðmið námsleiða. Útkoman er lifandi hrísltafla sem uppfærir sig sjálf þegar textar breytast, geymir útskýringar og útgáfusögu, og flokkar markmið eftir dýpt (m.a. með tilvísun í Bloom). Fyrir hagnýta ákvarðanatöku geta námsbrautir HÍ, þar sem fáar sem engar hrísltöflur eru í virkri notkun, orðið fljót fengið yfirsýn yfir hvað er kennt og hvernig það fellur að heildarmyndinni.